



# Fundargerð 277.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudagur 15. mars 2023 kl. 15.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Þröstur Friðfinnsson og Sverre Jakobsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Bráðabirgða niðurstaða rekstrar

Hafnarstjóri kynnti bráðabirgða niðurstöðu rekstar fyrir árið 2022. Enn liggur ekki fyrir endurskoðaður ársreikningur en stefnt að því að hann verði lagður fyrir stjórn í apríl n.k. Ljóst að rekstarniðurstaða verður jákvæð umfram það sem áætlanir ársins 2022 gerðu ráð fyrir.

### 2. Staða verklegra framkvæmda.

- a. **Bílastæði á Oddeyrartanga.** Auglýst hefur verið verkið „Bílastæði á Oddeyrartanga“ en um er að ræða um 9000 fm bílastæði fyrir rútur. Framkvæmdaleyfi hefur þegar verið gefið út og munu tilboð verða opnuð 23. mars n.k.
- b. **Dysnes mat á umhverfisáhrifum.** Samkvæmt minnisblaði frá Mannvit kostar um 7 til 9 mkr að gera rannsóknir vegna hugsanlegrar efnistöku við Bakkaeyri. Stjórn HN samþykkir að fela Mannvit að klára verkið með aðkomu Vegagerðarinnar.
- c. **Torfunefsbyggja.** Verið er að leggja lokahönd á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna Torfunefssvæðisins og er stefnt að því að leggja tillöguna fyrir skipulagsráð núna í mars.
- d. **Flotbyggja í Grímsey.** Ljóst er að tafir verða á uppsetningu á nýrri flotbyggju í Grímsey. Grímseyjarferjan Sæfari fer í slipp um miðjan mars og verður þar í a.m.k. 2 mánuði. Vonandi verður mögulegt að fara í uppsetningu á bryggjunni fyrir 1. Júní n.k.
- e. **Grenivík.** Í mars og apríl verður unnið við að betrumbæta flotbyggjuna á Grenivík. Gert hefur verið samkomulag við siglingaklúbbinn Nökkva um að skipta við klúbbinn á flotbyggju sem þeir eiga og innstu bryggjunni á Grenivík. Bryggjan sem Nökkvi á passar betur við aðrar bryggjur á Grenivík og því verður þetta hagur fyrir báða aðila. Jafnframt verður aukið við botnfestur á Grenivík.



### 3. Ársreikningur Hafnasamlags Íslands.

Lagður fram til kynningar ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2022. Stjórn HN gerir ekki athugasemdir við ársreikninginn.

### 4. Niðurfærsla krafna.

Hafnarstjóri lagði fram tillögu frá fjársýslusviði dagsetta 1. mars s.l. að niðurfærslu krafna vegna ársreiknings fyrir árið 2022. Stjórn HN samþykkir tillöguna.

### 5. Erindi frá björgunarbátasjóð Norðurlands.

Lagt fram erindi frá 9. febrúar s.l. frá björgunarbátasjóð Norðurlands þar sem óskað er eftir styrk vegna kaupar á nýju björgunarskipi fyrir svæðið. Fyrir er 34 ára Sigurvin, björgunarskip sem staðsett er á Siglufirði. Stjórn HN fagnar því að verið sé að endurnýja skipið sem mun auka öryggi sjófarenda við norðurland til muna. Stjórn HN samþykkir að styrkja kaup skipsins um kr. 5.000.000

### 6. Önnur mál.

Næsti stjórnarfundur fer fram miðvikudaginn 12. apríl n.k.

**Fundagerðin yfirfarin og staðfest.**

Fundi var slitið kl. 16.00

Inga Dís Sigurðardóttir formaður \_\_\_\_\_

Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður \_\_\_\_\_

Axel Grettisson ritari \_\_\_\_\_

Ásrún Ýr Gestsdóttir \_\_\_\_\_

Jón Þorvaldur Heiðarsson \_\_\_\_\_

Ólafur Rúnar Ólafsson \_\_\_\_\_

Þröstur Friðfinnsson \_\_\_\_\_

Sverre Jakobsson \_\_\_\_\_

Pétur Ólafsson hafnarstjóri \_\_\_\_\_

